

**40. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga
og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra**
Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 7. september 2022 á Teams og hófst fundurinn kl. 14.00.
Fundu slitið kl. 16.06.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, Helgi Einarsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundaáætlun

Rætt var um hvaða dagsetningar henta fyrir staðfund stjórnar í nóvember og hvar eigi að hafa hann.

Stjórn samþykkir að fundurinn verði haldinn á Húsavík í byrjun desember. Endanleg dagsetning verður ákveðin í tölvupósti.

2. Dagskrá aukabings

Farið var yfir [dagskrá aukabings SSNE](#) sem haldið verður í Laugarborg, Eyjafjarðarsveit 23. september næstkomandi. Á þinginu þarf að skipa nýja Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og formann úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs í stað Katrínar Sigurjónsdóttur, auk þess að skipa nýjan fulltrúa í stað Guðna Bragasonar, en þau hafa bæði óskað eftir lausn frá störfum vegna anna í öðrum störfum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að undirbúningi þingsins í samræmi við umræður á fundinum. Endanleg dagskrá og þingskjöl verða send út til þingfulltrúa í síðasta lagi 13. september n.k.

3. Uppbyggingarsjóður

Lögð fram tillaga að starfsáætlun Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra, auk tillögu að breytingu á starfsreglum nefndarinnar. Breytingin snýr að 6. grein er varðar ályktunarhæfi nefndarinnar, þ.e. að bætt verði við að einfaldur meirihluti geti afgreitt beiðnir um fresti eða breytingar á verkefnum.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að starfsáætlun, sem og breytingu á starfsreglum nefndarinnar.

Elva Gunnlaugsdóttir og Hildur Halldórsdóttir sátu fundinn undir þessum lið.

4. Starfsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti drög að starfsáætlun SSNE fyrir árið 2023 en drögin þarf að leggja fram til kynningar á aukabingi SSNE í september.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna drögin áfram í samræmi við umræður á fundinum og senda út til kynningar ásamt öðrum gögnum aukabings SSNE í september.

Elva Gunnlaugsdóttir sat fundinn undir þessum lið.

5. Efni til kynningar

- a. [Fundargerð 2. fundar faqráðs umhverfismála](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fundargerðina fram til afgreiðslu á næsta fundi og móta jafnframt starfsreglur um meðferð fundargerða faqráða.
- b. [Bókun Byggðaráðs Skaqafjarðar frá 24. ágúst s.l. um málefni fatlaðs fólks](#)
- c. [Fundargerð 81. fundar stjórnar SSNV frá 24. ágúst s.l.](#)
- d. Erindi frá Íslandsstofu – þátttaka í MIPIM 2023
- e. [Fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst s.l.](#)
- f. [Áherslur um vindorkunýtingu – samskipti við starfshóp ráðuneytis](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja til leiðir að umræðu um nýtingu vindorku á vettvangi SSNE.

6. Frá nefndasviði og samráðsgátt

- a. [Áform um breytingu á lögum um dómstóla \(sameining héraðsdómstólanna\)](#)
Lögð fram til staðfestingar umsögn stjórnar SSNE um áform til breytingu á lögum um dómstóla, áður samþykkt í tölvupósti 6. september s.l.
Stjórn staðfestir fyrra samþykki.
- b. [Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð](#)
Lögð fram til staðfestingar umsögn stjórnar SSNE um áform til breytingu á lögum um dómstóla, áður samþykkt í tölvupósti 6. september s.l.
Stjórn staðfestir fyrra samþykki.

7. Mál til staðfestingar

- a. *Viðaukasamningur við Sóknaráætlun NE við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um stuðning við verkefnið Norðanátt*
Drög að samningi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið um stuðning við verkefnið Norðanátt sem SSNE er aðili að voru samþykkt í tölvupósti 23. ágúst s.l..
Stjórn staðfestir fyrra samþykki.

8. Önnur mál

- a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra*
Framkvæmdastjóri greindi því sem efst hefur verið á baugi frá síðasta fundi stjórnar.
- b. [Landsping SÍS](#)
Landsping Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið í Hofi á Akureyri 28.-30. september næstkomandi. Formaður SSNE og framkvæmdastjóri munu sækja þingið sem áheyrnarfulltrúar. [Tillaga að stefnumótun Sambandsins 2022-2026 liggur nú fyrir.](#)
Stjórn samþykkir að landsþingsfulltrúum landshlutans verðið boðið til fjarfundar föstudaginn 16. september næstkomandi til að ræða hagsmuni landshlutans í stefnumörkun Sambandsins.

c. *Störf framkvæmdastjóra í júlí*
Máli frestað til næsta fundar.

d. *Skipan fulltrúa í Stafrænt ráð sveitarfélaga*

Vegna skilyrða Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fulltrúi í Stafrænt ráð sveitarfélaga skuli vera framkvæmdastjóri sveitarfélags eða kjörinn fulltrúi samþykkir stjórn SSNE að Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrarbæjar verði fulltrúi SSNE í ráðinu í stað Sumarliða Helgasonar sem áður hafði verið tilnefndur.